


Sveitarfélagið Hornafjörður
Ásgerður K. Gylfadóttir,
bæjarstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

AFRIT



UMHVERFISSTOFNUN



Reykjavík, 7. maí 2014
Tilvísun: UST20140300143/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Drápskletta, Sveitarfélaginu Hornafjörður.

Vísað er til erindis bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 13. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi svæðis er kallast Drápsklettur. Svæðið sem tillagan nær til er samtals 56,25 ha að stærð og afmarkast af Ægissíðuvegi til norðurs, skipulögðu svæði til austurs, strandlínu til suðurs og um skurð í ræktarlandi til vesturs.

Náttúruminjasvæði

Á loftmynd er sýnir afmörkun skipulagssvæðis kemur fram að skipulagssvæðið er áætlað inn á strandsvæði á svæði nr. 629 á náttúruminjaskrá. Í náttúruminjaskrá kemur eftirfarandi um svæðið: 629 *Skarðsfjörður Hornafjarðarbæ. Fjörur, grunnsævi og eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.*

Ljóst er að nú þegar ógnar rask leirum á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjörum og leirum Skarðsfjarðar verði hlíft við öllu raski.

Landbúnaðarsvæði

Þar sem landbúnaðarsvæði er skilgreint alveg niður að fjöru, bendir Umhverfisstofnun á að skv. gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þá gildir eftirfarandi við ár, sjó og vötn: Skipulag við vötn, ár og sjó: *Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að gert sé ráð fyrir aðgengi almennings meðfram fjöru á svæðinu er lýsingin nær yfir og að ef að framkvæma á á svæðinu þá sé farið eftir reglugerð hvað varðar fjarlægðir framkvæmda frá sjó.

Byggð

Í umfjöllun um áætlað athafnasvæði kemur fram að gert er ráð fyrir að húsin geti orðið allt að þriggja hæða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætluð athafnabyggð falli vel að umhverfinu. Einnig kemur fram í umfjöllun um jarðfræði-grundun að erfitt gæti orðið með


grundun í mestu mýrarflákunum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þá njóta mýrar og flóar sem eru 3 ha að stærð eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er ástæða til þess að endurheimta mýrarsvæði á þeim hluta svæðisins sem ætlaður er til útivistar ef kostur er með það í huga að endurheimta náttúrulegt ástand svæðisins.


Íþróttasvæði - hljóðvist

Eins og fram kemur í lýsingu mun hljóðvist við íbúðarhús fara yfir mörk sem sett er í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða þegar 5 hjól eru í brautinni. Umhverfisstofnun bendir á að vegna þessa er nauðsynlegt að vinna að mótvægisáðgerðum til að hljóðvist haldist innan marka við húsvegg íbúðarhúsa í grenndinni. Umhverfisstofnun bendir á að ekki sést á hávaðamatskortum hvernig hljóðstig kemur til með að vera í húsum austan við akstursbraut (Ægissíða).

Á ofangreindri loftmynd er fylgir lýsingu kemur fram að áætlaðar eru gönguleiðir í nágrenni við akstursbraut. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem hávaðamengun fylgir akstursbrautum, þá er mikilvægt að athuga með hljóðvist og koma í veg fyrir hávaðamengun á þeim gönguleiðum sem eru merktar eru við fjörur á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

